

## Að skoða og meta menningarhæfni ljósmæðra í barneignarþjónustu á Íslandi

### Helga Gottfreðsdóttir, prófessor

Edythe Laquindanum, ljósmóðir/doktorsnemi

Emma Marie Swift, ljósmóðir/dósent

Hólmfríður Garðarsdóttir, ljósmóðir

Helga Zoega, prófessor

Katrin Stoll Associate researcher

Nýlegar rannsóknir benda á að ójöfnuður sé til staðar innan íslenskrar barneignarþjónustu. Líklegra er að inngríp séu notuð í fæðingum kvenna af erlendum uppruna s.s. spangarklippingar, sogklukkur og utanbastsdeyfingar en á sama tíma eru þær ólíklegri til að nota flestaraðrar verkjameðferðir í fæðingu eins og vatnsbað, ilmkjarnaolíur, nálastungur og glaðloft. Jafnframt upplifa konur af erlendum uppruna minni virðingu í samskiptum sínum við heilbrigðisfagfólk en íslenskar konur og minna sjálfræði í ákvarðanatöku í barneignuferlinu varðandi þjónustu. Rannsóknir hafa leitt í ljós að menningarhæfni ljósmæðra sé mikilvægur þáttur í að bæta þjónustu fyrir þennan jaðarhóp.

**Markmið:** Að meta menningarhæfni ljósmæðra fyrir og eftir námskeið/fræðsluáhlutun byggð á Operational Refugee and Migrant Maternal Approach (ORAMMA) sem var þróað sérstaklega í þessum tilgangi og hefur verið notað í mörgum Evrópulöndum.

**Aðferð:** Í þessari rannsókn verður blandað saman tveimur aðferðum til að meta menningarhæfni ljósmæðra. Fyrri aðferðin felur í sér að 44 þátttakendur fylla út spurningalista um menninarhæfni fyrir og eftir námskeið og síðari aðferðin byggir á rýnihópaviðtölum fyrir og eftir námskeið með a.m.k. 6 ljósmæðum sem hafa klárað hafa námskeiðið.

**Vísindalegt gildi:** Felst í að skoða hvort hægt er að nýta ORAMMA við íslenskar aðstæður og auka með því menningarhæfni ljósmæðra/heilbrigðisstarfsfólks með það að markmiði að bæta þjónustu fyrir barnshafandi erlendar konur